

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 40/2016

2017/EES/45/40

frá 5. febrúar 2016

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn (um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (EB) nr. 1308/2013 fellir úr gildi reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, og ber því að fella hana brott úr EES-samningnum.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í 7. mgr. inngangsorða bókunar 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) Bókun 47 við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Í stað texta 8. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1234/2007) í 1. viðauka við bókun 47 við EES-samninginn kemur eftirfarandi:

„**32013 R 1308**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bl. 671).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Einungis eftirfarandi ákvæði reglugerðarinnar skulu gilda:

Ákvæði l-liðar 2. mgr. 1. gr., sbr. XII. hluta I. viðauka.

Ákvæði 1. mgr. 3. gr., sbr. IV. hluta II. viðauka,

Ákvæði m-, k-, h-, g-, f-, liðar 3. mgr. 75. gr. og 4. mgr. og d-liður 5. mgr.

Ákvæði b-liðar 1. mgr. 78. gr. og 2. mgr., sbr. II. hluti VII. viðauka, sbr. I. viðbætur VII. viðauka.

Ákvæði 80. gr., sbr. VIII. viðauka.

Ákvæði 81. og 82. gr.

Ákvæði 2. og 3. mgr. 83. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

Ákvæði 92. - 108. gr.

Ákvæði 112. og 113. gr.

Ákvæði 117. - 121. gr.

Ákvæði 146. gr. og

1. og 2. mgr. 147.

Ákvæðin skulu gilda með þeirri aðlögun sem unnt er að leiða af ákvæðum meginmáls EES-samningsins, altækri aðlögun í inngangsorðum bókunar 47 við samninginn og sértækri aðlögun í 1. viðbæti við bókun 47 við EES-samninginn.

- b) Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar sem vísað er til í 229. gr. reglugerðarinnar, og fjalla um málefni sem falla undir gildissvið þeirra gerða sem vísað er til í samningnum, en án atkvæðisréttar.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.